

□ Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstoðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrir mælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar útbreiðslu smits frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

■ **8. gr.** Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

■ **9. gr.** Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það . . . ¹⁾ sóttvarnalækni.

□ Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Rannsóknastofur, sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til, skulu hafa starfsleyfi [ráðherra].²⁾

□ Hlutaðeigandi aðilum er skylt að aðstoða [sóttvarnalækni og yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ m.a. með því að veita upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

□ [Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.]³⁾

¹⁾ L. 93/2002, 16. gr. ²⁾ L. 162/2010, 66. gr. ³⁾ L. 55/2004, 3. gr.

■ **10. gr.** Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrir mælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi [yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ eða sóttvarnalækni.

¹⁾ L. 93/2002, 17. gr.

[3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda, dýralækna, Geislavarna ríkisins, [Matvælastofnunar]¹⁾ og Umhverfisstofnunar.]²⁾

¹⁾ L. 167/2007, 77. gr. ²⁾ L. 43/2007, 4. gr.

■ **11. gr.** [Heilbrigðisfulltrúar, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýralæknar og starfsmenn [Matvælastofnunar],¹⁾ Umhverfisstofnunar og Geislavarna ríkisins skulu tilkynna viðkomandi yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu eða hættu vegna eiturefna eða geislavirkra efna. Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd, dýralækni, [Matvælastofnun],¹⁾ Umhverfisstofnun eða Geislavörnum ríkisins, eftir því sem við á, strax og þeim verður kunnugt um smithættu eða hættu af völdum eiturefna eða geislavirkra efna. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

□ Ráðherra skipar sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efn-

um sem ógna heilsu manna. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af [Matvælastofnun]¹⁾ og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfisstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrir mæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sér lög um einstaka eftirlitsaðila.]²⁾

¹⁾ L. 167/2007, 77. gr. ²⁾ L. 43/2007, 4. gr.

IV. kafli. Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

■ **12. gr.** Ef tilkynningar til sóttvarnalækni um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera [ráðherra]¹⁾ viðvart.

□ [Ráðherra ákveður að fenginni tillögu sóttvarnalækni hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisáðgerða, einangrunar smitaðra, sóthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns.]²⁾ [Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.]³⁾

□ [Brjótist út hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna skal sóttvarnalæknir gera faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits og hefur í slíkum tilvikum sama rétt til aðgangs að gögnum og til skoðunar og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr.]⁴⁾

¹⁾ L. 162/2010, 66. gr. ²⁾ L. 43/2007, 5. gr. ³⁾ L. 93/2002, 19. gr. ⁴⁾ L. 90/2000, 3. gr.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

■ **13. gr.** [Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, svo sem alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.]¹⁾

¹⁾ L. 43/2007, 6. gr.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

■ **14. gr.** Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við [yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Takist ekki samstarf við viðkomandi aðila getur hann, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögreglu yfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. [Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalækni.

□ Með aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

□ Ákvörðun sóttvarnalæknis eða [yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ um aðgerðir af þessu tagi má kæra til [ráðherra].²⁾ Kæra frestar ekki framkvæmd.

□ [Telji sóttvarnalæknir hætta á að næmar sóttir sem ógnað geta almannaheill berist til landsins getur hann beint tilmælum til ráðherra um að setja reglugerð um að þeir sem koma til landsins og talin er hætta á að beri með sér slíkar sóttir skuli sæta læknisrannsókn [í samræmi við 23., 30.–32. og 45. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar].³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 93/2002, 20. gr. ²⁾ L. 162/2010, 66. gr. ³⁾ L. 43/2007, 7. gr. ⁴⁾ L. 90/2000, 4. gr.

■ **15. gr.** Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

□ Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einstaklingur sé settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og skipa þeim er sætir einangrun talsmann, ef hann óskar þess, samkvæmt ákvæðum laga um meðferð [sakamála]¹⁾ um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Dómari getur aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

□ Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Hæstaréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **16. gr.** Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir.

□ Á sjúkrahúsum, sem [ráðherra]¹⁾ ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

¹⁾ L. 162/2010, 66. gr.

■ **17. gr.** [Kostnaður sem hlýst af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja lögum um [sjúkratryggingar].¹⁾ Heimilt er þó með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, svo sem þegar sjúklingar leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sjúklingar eru kvaddir til rannsókna til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta læknisrannsókn.]²⁾

□ [Læknisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast að fullu af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði frekari læknisskoðun í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Vinnuveitandi greiðir læknisrannsókn sem hann óskar sérstaklega eftir.

□ Ef aðgerðir sóttvarnalæknis eru vegna hattu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda og til þeirra er gripið á grundvelli alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að, skulu ákvæði þeirra samninga gilda um greiðsluþáttöku sjúklinga.]³⁾

¹⁾ L. 112/2008, 67. gr. ²⁾ L. 90/2000, 5. gr. ³⁾ L. 43/2007, 8. gr.

■ **18. gr.** Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 3. gr., starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lögin taka til skv. 9. gr., opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr., [heimild til að kveða á um læknisrannsókn eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr.],²⁾ starfsemi göngudeilda skv. 16. gr. og hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu, skv. 17. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglur ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna sóttvarna við náttúruhamfarir [og aðra vaf]³⁾ og að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 221/2001. Rg. 415/2004. Rg. 414/2007. Rg. 420/2008. ²⁾ L. 90/2000, 6. gr. ³⁾ L. 93/2002, 21. gr.

■ **19. gr.** . . . ¹⁾

□ Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **20. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. . . .